



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ
Sóttvarnalæknir

Sýkingar af völdum nýrrar inflúensu A(H1N1)v veiru

Upplýsingar um einkenni, smitleiðir og meðferð

Einkenni sýkingar

Algengustu einkennin eru hiti, hósti, hálssærindi, slappleiki og höfuðverkur. Einkennum frá meltingarfærum (ógleði, uppköst og/eða niðurgangur) hefur verið lýst.

Smitleiðir og smittími

Veiran smitast manna á milli með hósta og hnerra, smitlíkur eru mestar ef fjarlægð frá sjúkling er minna en einn meter. Smit berst einnig í slímhúðir í munn, nef og augum, með höndum sem hafa mengast frá höndum inflúensusjúklinga eða menguðu yfirborði í umhverfi þeirra. Inflúensusjúklingar eru mest smitandi í upphafi veikinda, en smithætta sé að mestu leyti horfin sjö dögum eftir upphaf veikinda.

Greining á rannsóknarstofu

Hægt er að taka sýni frá öndunarfærum til greiningar en við útbreidd veikindi í þjóðfélaginu verður ekki hægt að senda sýni frá öllum. Sjúkdómsgreiningin byggir þá á mati læknis.

Tími frá smiti þar til fyrstu einkenni koma

Meðgöngutími veirunnar, þ.e. tími frá smiti til fyrstu einkenna er oftast 2 – 3 dagar en getur verið allt frá 1 – 7 dagar.

Almenn meðferð

Ráðlegt er að hvíla sig og drekka ríkulega. Notkun hitalækkandi lyfja (t.d. paracetamols) við háan hita er ráðleg en asperín skal ekki nota hjá börnum undir 16 ára aldri vegna hættu á Reyes heilkenni, sem leggst á miðtaugakerfi og lifur.

Veirulyfjameðferð

Á markaði eru fáanleg tvö lyf gegn inflúensu sem nefnast Relenza (zanamivir) og Tamiflu (oseltamivir) og nýja inflúensu A(H1N1)v veiran næm fyrir þessu lyfjum. Einstaklingum með staðfest eða líklegt smit af völdum nýju inflúensu A(H1N1)v veirunnar er boðin meðferð með veirulyfjum ef einkenni hafa staðið styttra en 48 klst. Ef einkenni hafa staðið lengur en 48 klst. er lyfjameðferð ekki ráðlögð nema að viðkomandi sé með alvarleg einkenni að mati læknis.

Sóttvarnir
Centre for Health Security and Infectious Disease Control

